



Photo Credit: Alessandra Capodacqua

Ósigur
Enn hefur
veturinn betur
Jörðin
sporðreisist
Sólin teygir sig
eitt andartak upp úr
sjóndeildarhringnum
Hjarnið
skurn undir
fótum mér

Sconfitta
Ancora una volta
l'inverno ha la meglio
La terra
s'inclina all'indietro
Il sole si allunga
per un istante sopra
la linea dell'orizzonte
Lo strato ghiacciato
una crosta
sotto i piedi

Reykjavík
Þungur snjórinn
hvílir á greinunum
og þvingar þær
niður að stéttinni
marghöfða furðudýr
sem lýtur
að vatnsbóli
Þegar snjóinn
tekur upp
reigir það
langan háls
til himins
mænir blindum augum
út í nóttina
hlustar eftir rándýrum

Reykjavík
La neve pesante
riposa sui rami
e li costringe
verso il selciato
uno strano animale a più teste
che si china
su una pozza d'acqua
Quando la neve
si scioglie
drizza
il lungo collo
al cielo
fissa lo sguardo cieco
nella notte
tende l'orecchio ai predatori

Atlantis
Lengi
höfðum við
kafað ofan í
myrkvuð höf
skimað eftir
húsum, götum
torgum og krám
borg
á botni hafs
Ljóst að leitað
var til einskis
Nú þegar
vatnið stígur
rennur upp
fyrir okkur að
við höfum
búið þar
alla tíð

Atlantide
Da tempo
ci immergiamo
nelle profondità
di mari oscuri
scrutando in cerca
di case, strade
piazze e locande
città
sul fondo del mare
La ricerca non ha
dato frutti è chiaro
Ora che
l'acqua sale
risulta
evidente che
risiediamo
là sotto
da sempre

Bréf frá Fríslandi
Gömul kort sýna
Frísland fljóta
um Atlantshafið
Stundum er það
austan við Ísland
stundum eilítið
sunnan við sig
Þótt Frísland
hafi aldrei verið til
eru bæir, firðir og flóar
merktir inn á eyjuna
Oft finnst mér
ég búa á einum
þessara bæja
og horfa út úr
djúpum firði
Ekkert sé raunverulegt
nema ískalt hafið
umhverfis mig

Lettera dalla Frislandia
Nelle carte geografiche antiche
la Frislandia fluttua
per l'Oceano Atlantico
A volte si trova
a est dell'Islanda
a volte appena
oltre se stessa
Benché la Frislandia
non sia mai esistita
sull'isola sono segnati
borghi, fiordi e baie
Spesso ho l'impressione
di vivere in uno
di quei borghi
e di guardare fuori da
un fiordo profondo
E che niente sia reale
se non il gelido mare
che mi circonda

Helfararsafnið
Gleraugu gjóa
blindum glyrnum
yfir skóbreiðuna
falskur gómur
fastur í
smekklausu brosi
vonin býr
bak við gler:
Gylltir lyklar
á hring
annar að garðshliði
hinn að húsi

Museo dell'Olocausto
Occhiali rivolgono sguardi
a cieche pupille
sulla distesa di scarpe
una dentatura falsa
fissata
in un sorriso volgare
la speranza dimora
dietro un vetro:
Chiavi dorate
in un anello
una per accedere al giardino
l'altra alla casa

Sigur
Grenitrén stingast
eins og spjót
upp í vatnsbláan himininn
Þögull þéttir
skógurinn raðir sínar
Samt sleppur
hann í gegn
hvíti hreinninn
sem stefnir í átt
að himinbláu vatninu

Vittoria
Le conifere trapassano
come lance
il cielo azzurro-acqua
In silenzio il bosco
serra le proprie schiere
Eppure lascia
un varco
al bianco cervo
che punta verso
l'acqua azzurro-cielo

Sléttan
Girðingarstaurar
halda gulum túnunum
föstum í mestu hviðunum
Það drýpur úrgráum skýjum
á núpinn
sem rís upp úr sléttunni
eins og dimmur turn
Hann dregur í sig myrkríð
á morgnana
sleppir því út á kvöldin

La piana
I pali della recinzione
reggono ben saldi i pascoli
gialli nelle raffiche più intense
Gocciano
le nubi grigie sopra l'altura
che si erge nella piana
come una torre scura
Richiama a sé le tenebre
ogni mattina
per rilasciarle alla sera

Dómur
Olían
á lampann
er upp urin
Enginn vill
kannast við okkur
Hurðin leggst
að stöfum
veislan geisar
fyrir innan
Það eina
sem okkur býðst
er ljósrákin
undir hurðinni
svo slokknar
hún líka
Nú sitjum við
að myrkrinu
úti fyrir
vitum hvorki
daginn né stundina
Í huganum
dvínandi minning
um flöktandi skugga
fóta í dansi

Giudizio
L'olio
della lampada
si è esaurito
Nessuno vuole
farci entrare
La porta accostata
sui cardini
la festa impazza
all'interno
L'unica cosa
che ci è offerta
è la striscia di luce
sotto l'anta
poi anche quella
si spegne
e rimaniamo
nel buio
all'esterno
non sappiamo
né il giorno, né l'ora
In mente
il ricordo affievolito
di ombre fluttuanti
di piedi in una danza

Völuspá
þau birtast
úr austri
ókunn hjörð
riðu Helveg
um hulda stigu
úr sviðnum sveitum
að hagalögðu landi
Sprengdu klárana
á brúnni
Nú berja þau
á hliðið og
biðja um að því
verði lokið upp
Aldagamall ótti
fer um með hvæsi
Lófar okkar
læsast um axir og sverð

Profezia
Appaiono
dall'est
una mandria sconosciuta
Hanno cavalcato a sangue
per sentieri occulti
da contadi riarsi
verso terre costellate di poderi
Hanno sfiancato i destrieri
sul ponte
E adesso bussano
al portone e
chiedono
che sia aperto
Un arcaico terrore
passa con un sibilo
I nostri palmi
si stringono su asce e su spade

Traduzioni di Silvia Cosimini

ABOUT THE AUTHOR



Gerður Kristný

Gerður Kristný, nata nel 1970 a Reykjavík, dove ha studiato e vive, è tra i maggiori scrittori islandesi contemporanei. Nei due decenni passati ha prodotto una vasta opera, che va da saggi di varia natura a nove raccolte di poesia, per le quali è più nota internazionalmente. Per la sua riscrittura moderna dei miti norreni, col ciclo poetico *Bloodhoof*, ha ricevuto l'Icelandic Literature Awards ed è stata nominata per il prestigioso Nordic Council Awards. *Bloodhoof* è stato tradotto in varie lingue: in inglese è stato pubblicato da Arc Publications nel 2013 nella traduzione di Rory McTurk. Insieme a *Drapa - A Reykjavík Murder Mystery* e *Reykjavík Requiem*, pubblicati rispettivamente nel 2014 e nel 2018, *Bloodhoof* costituisce la prima parte di una trilogia che ha al suo centro la violenza di genere. Nel 2022 Gerður Kristný ha ricevuto l'Ordine del Falcone per i suoi meriti nei confronti della letteratura e alla cultura islandesi.